

Þriðjudagur 15. des. 1936.

Minningarorð um Guðmundu Nielsen.

f. 24. sept. 1885, d. 12. des. 1936.



Í dag verða hafnar til hinnar hinstu hvíldar jarðneskar leifar þessarar mætu konu, til jarðsetningar við hlið foreldra hennar í Eyrarbakka kirkjugarði.

Hún var fædd á Eyrarbakka 24. sept. 1885. Foreldrar hennar voru hin þjóðkunnu merkishjón, P. Nielsen verslunarstjóri á Eyrarbakka og kona hans, Eugenia J. Nielsen (dóttir Thorgrimsens gamla), og ólst hún upp hjá þeim.

Um eitt skeið var Guðmundu sál. gestgjafi við Ölvesárbrú og rak síðan verslun á Eyrarbakka um nokkurra ára skeið. Hún var vel að sjer í verslunarmálum, sem mörgu öðru, dugleg og hugdjörf, en einkum var hún vel að sjer í sönglist og samdi sjálf mörg lög, sem gefin hafa verið út á prenti (a. m. k. nokkur þeirra), er öll lýsa góðum hæfileikum og sönglegum smekk. Hún var lengi organisti við Eyrarbakka kirkju og hjelt þar uppi ágætu söngfjelagi, er starfaði vel og lengi undir stjórn hennar. Hún var fjelagslynd mjög, skyldurækin, ótrauð og ötul í framkvæmdum alls þess, er til framfara og farsældar horfði fyrir menn og málefni, enda góðgjörn og gjöfufull þeim, er bágt áttu, eins og hún átti kyn til.

Síðustu æfiár sín hafði hún kökugerð hjer í bænum, mjög eftirsótt og vinsæla. Yfir höfuð mátti um Guðmundu sál. Nielsen segja, að hún væri megingóð og mæt kona, sem mikill söknuður er að. Systurdóttur sinni og syni hennar reyndist hún sem besta móðir. Hún andaðist 12. þ. m. eftir langa og stranga legu, sem hún bar með hugrekki miklu og hetju-
lund.

Blessuð sje minning hennar!

Jón Pálsson.

Guðmundur Guðmundsson og Guðrún Ingvarsdóttir.

Guðmundur Guðmundsson er fæddur 8. júlí 1840 á Litlahrauni í Stokkseyrarhreppi hinum forna og því nærri 88 ára að aldri. For-eldrar hans voru Guðmundur Þorgilsson og kona hans Málfríður Kolbeinsdóttir, systir Þorleifs Kolbeinssonar á Stóru-Háeyri. Þorgils, afi Guðmundar, var Jónsson frá Bakkakoti í Landeyjum, Guðbrands-sonar, Lafranzsonar í Kornhúsum í Hvolhreppi, Þórðarsonar á Efra-Hvoli, en kona Þorgilsar var Margrjet Gísladóttir, Eyjólfssonar sterka á Litlahrauni.

Guðmundur fór vestur um haf árið 1870 og lenti í Milwaukee, en fór um haustið til Washington-eyjar í Wisconsin-riki og hefur dvalið þar síðan. Árið 1874 kvæntist hann Guðrúnu Ingvarsdóttur, Magnússonar frá Mundakoti á Eyrarbakka, og er hún fædd 14. marts 1842. Var Guðrún heitin Guðmundi áður en hann fór af landi burt og fór hún svo síðar vestur og var í hópi þeirra tólf, sem fluttust hjeðan 1872.

Börn þeirra Guðmundar og Guðrúnar eru: 1. Málfríður, f. 4. okt. 1875; gift þarlendum

manni og búa þau í Chicago, barnlaus. 2. Guðrún Sigríður, f. 20. okt. 1877, giftist ung og á eina dóttur barna. 3. Guðbjörg, f. 3. nóv. 1879, bóndakona í Indiana-riki, og eiga þau 4 börn. 4. Albert Theodór, f. 6. júlí 1881, kvæntur þarlendri konu og eiga þau eina dóttur. 5. Þorleifur, f. 14. maí 1883, kvæntur þarlendri konu og eiga þau 4 börn.



Guðmundur Guðmundsson og Guðrún Ingvarsdóttir.

Báðir eru bræðurnir til heimilis á Washington-eyju og eiga þar fiskiútgerð allstóra, enda sjómenn miklir og athafnamenn hinir mestu, enda eiga þeir ekki langt að sækja það, því Guðmundur faðir þeirra var talinn hinn mesti sjógarpur, hugdjarfur og happasæll formaður, meðan hann stundaði sjó á Eyrarbakka, og svo kræfur sláttumaður þótti

hann, er vestur kom, að hann fjekk brátt viðurnefnið »sláttuvjelin« (the mower). — Nú á síðari árum hafa þau hjónin, Guðmundur og Guðrún, stundað netagerð, og þrátt fyrir óaflátanlega iðjusemi og háan aldur hafa þau enn fulla sjón og heyrn, lesa blöð og bækur og skrifa brjef, eins og væru þau aldarfjórðungi yngri. Í brjefum sínum hingað, nú fyrir skemstu, minnst Guðmundur oft æskustöðva sinna með viðkvæmni og velvildarhug til lands og þjóðar og er ótrúlega fróður um flest það, er fram hefur farið hjer heima síðan hann fór, og vonar, að Vestur-Íslendingar »haldi uppi sóma gamla landsins á allan hátt«.

Vinir og venslamenn þessara gömlu heiðurs-hjóna hjer heima — og þeir eru margir — senda þeim hugheilar hamingjuóskir um friðsæla elli og fagurt æfíkvöld.

Reykjavík, 19. júní 1928.

Jón Pálsson.

